

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 4. júní 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ Akureyrar.

Breytingin tekur til Strandgötu 11b og felur í sér að hæðarfjöldi er hækkaður úr 1 hæð í 2 hæðir, hámarksbyggingarmagn fer úr 231,8 m² í 435,8 m². Nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar úr 0,531 upp í 0,950 og að lokum er byggingarreitur lóðarinnar stækkaður um u.þ.b. 45 m².

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Drottningarbrautarreits.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 18. júní 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Drottningarbrautarreit.

Breytingin tekur til Hafnarstrætis 73-75 og felur breytingin í sér að lóðirnar verða sameinaðar og verður heildarstærð lóðarinnar því 980 m². Sú breyting er gerð að byggingarnar við Hafnarstræti 73-75 (nýbygging og núverandi bygging sem heimilt er að hækka) verða á 5 hæðum með risþaki á nr. 75 og valmaþaki á nr. 73 – þakhallar verði 25°-45°. Mænir skal vera samsíða götu. Lengd kvista má mest vera 2/3 af lengd byggingar. Heimilt er að hafa þann hluta byggingar sem snýr til vesturs að brekku á baklóðinni með flötu þaki.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 28. ágúst 2024,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 11. september 2024